



## Fréttatilkynning

apríl 2011

### Óskað eftir tilnefningum til Foreldraverðlauna 2011

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, verða afhent í 16. sinn við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu þriðjudaginn 24. maí næstkomandi.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra óska eftir tilnefningum til Foreldraverðlauna 2011 frá einstaklingum, félögum eða hópum sem vilja vekja athygli á vel unnum verkefnum, sem stuðla að eflingu skólstarfs og jákvæðu samstarfi heimila, skóla og samfélagsins.

Með afhendingu verðlaunanna vilja samtökin vekja athygli á því gróskumikla starfi sem fer fram innan **leik- grunn- og framhaldsskóla** og þeim fjölmörgu verkefnum sem stuðla jákvæðu og öflugum samstarfi heimila, skóla og samfélagsins.

Fólk er hvatt til að líta eftir og tilnefna verðug verkefni í sínu nærumhverfi.

Sérstakt tilnefningarblað er á heimasíðu samtakanna [www.heimiliogskoli.is](http://www.heimiliogskoli.is). Þar er jafnframt að finna leiðbeiningar og nánari upplýsingar um Foreldraverðlaunin. Einnig eru veittar upplýsingar á skrifstofu samtakanna í síma 516 0100.

Síðasti skiladagur tilnefninga er **fimmtudagur 28. apríl 2011.**